

Jafnréttisáætlun Prógramms

Tilgangur og gildissvið

Að stuðla að jafnri stöðu, jafnri virðingu og jafnrétti kynja innan Prógramms. Jafnréttisáætlun skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna Prógramms stuðlar að jafnri stöðu, jafnri virðingu og jafnrétti kynja innan fyrirtækisins. Jafnlaunastefnan byggir á [lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna](#) og [lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr 86./2018](#) óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Samkvæmt jafnlaunastefnu Prógramms

- skulu allir starfsmenn fá sömu laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf
- skal innleiða jafnlaunakerfi og fá jafnlaunavottun
- skal hafa jafnlaunamarkmið
- skal framkvæma launagreiðingu ekki sjaldnar en einu sinni á ári
- skal kynna niðurstöðu launagreiðinga fyrir starfsmönnum
- skal jafnlaunastefnan vera í stöðugum umbótum
- skal kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki Prógramms ekki sjaldnar en einu sinni á ári
- skulu stjórnendur rýna árlega jafnlaunastefnuna og setja fram jafnlaunamarkmið

Jafnlaunakerfi Prógramms skal vera í stöðugum umbótum ásamt því að Prógramm mun uppfylla aðrar kröfur sem tengjast jafnlaunastefnu, til dæmis kjarasamninga.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni hefur Prógramm sett upp jafnréttisáætlun til að ná jafnlauna markmiðum sínum en þau eru eftirfarandi:

Laus störf eru auglýst óháð kyni

Atvinnuauklýsingar Prógramms eru ókynbundnar og höfða til allra kynja. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið þegar ákveðið er hvern skuli ráða í starf hverju sinni. Stjórnendum er skylt lögum samkvæmt að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynja innan Prógramms. Alltaf þegar ráðið er í ný störf skal taka tillit til kynjahlutfalls. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að þegar ráðið sé í störf þá skal taka tillit til kynjahlutfalls.

Launajafnrétti

Prógramm starfar eftir vottuðu jafnlaunakerfi skv. ÍST 85:2012. Vottun skal vera lokið fyrir lok apríl 2023 og ber framkvæmdastjóri ábyrgð á því að klára vottun. Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og að fyllsta jafnréttis sé gætt. Kynjum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf og hvers konar frekari þóknana, beinna og óbeinna, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti. Stjórnendur Prógramms skuldbinda sig til að vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastefnu Prógramms. Komi í ljós launamunur á jafn verðmætum og sambærilegum störfum skal hann leiðréttur. Stefna um launajafnrétti skal kynnt árlega fyrir öllum starfsmönnum í nóvember og ber framkvæmdastjóri ábyrgð á því að það sé gert.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Kynin skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og hafa jöfn tækifæri til að sækja námskeið og fræðslu til þess að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings öðrum störfum. Þess skal gætt að mismuna ekki starfsfólki eftir kynferði við úthlutun verkefna, við tilfærslu í starfi, við að axla ábyrgð eða við önnur tækifæri sem almenn starfsþróun býður upp á. Samantekt yfir námskeiðssetu ársins skal taka saman í lok desember til að fylgja því eftir að öll kyn hljóti sömu möguleika til endurmenntunar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að svo sé gert.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Prógramm býður starfsfólki sveigjanlegan vinnutíma og hlutastörf að ákveðnu marki svo að samræma megi sem best einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf. Öll kyn eru hvött til þess að nýta sér fæðingarorlof og eru foreldrar hvattir til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna á jafnréttisgrundvelli.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin hjá Prógramm. Stjórnendur skulu grípa undantekningarlaust til viðeigandi aðgerða ef starfsmaður verður fyrir slíku áreiti. Allt starfsfólk Prógramm ber sameiginlega ábyrgð á að slík áreitni eigi sér ekki stað. Viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi má finna [Stefna Prógramms gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

Kynningar á jafnréttisáætluninni

Halda skal kynningu einu sinni á ári fyrir alla starfsmenn Prógramms á jafnréttisáætluninni.

Gildistími

Áætlunin tekur gildi þegar Jafnréttisstofa hefur samþykkt hana og er aðgengileg á heimasíðu Prógramms. Áætlunin gildir í 3 ár og skal næsta endurskoðun skal vera lokið 27 Feb 2026

Ábyrgð og samþykkt jafnlaunastefnu Prógramms

Ábyrgð á jafnlaunastefnu Prógramms liggur hjá framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóra ber jafnframt að tryggja að henni sé fylgt.

Samþykkt af stjórn Prógramms þann 27 Feb 2023